

4. fundur svæðisráðs rekstrarsvæðis 1, Norðursvæðis, í Vatnajökulshjódgarði haldinn miðvikudaginn 19. mars 2008 kl. 15:15.

Fundarstaður: Kristnes, Eyjafirði.

Á fundinn mættu:

Rúnar Þórarinsson (RÞ) formaður frá Norðurþingi, Böðvar Pétursson (BP) varaformaður frá Skútustaðahrepp, Friðrika Sigurgeirsdóttir (FS) frá Þingeyjarsveit, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (IÁJ) frá umhverfisverndarsamtökum, Ingvar Þóroddsson (IÞ) frá Samtökum útivistarfélaganna og Sigprúður Stella Jóhannsdóttir (SSJ) þjóðgarðsvörður í Jökulsárgljúfrum sem ritaði fundargerð. Yngvi Ragnar Kristjánsson (YRK) frá Ferðamálasamtökum Norðausturlands boðaði forföll.

Eftirfarandi mál voru rædd:

1. Golfvöllur í Ási innan þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum.

Fyrir fundinum lá minnisblað frá SSJ um málið og drög að samningi milli UST og golfklúbbsins Gljúfra um land undir golfvöll á túnunum í Ási. Drögin lágu fyrir hjá Umhverfisstofnun í mars 2007 en voru ekki send golfklúbbum til umsagnar þar sem málinu var frestað vegna stofnunar Vatnajökulshjóðgarðs. Svæðisráðið fór yfir drögin og voru skiptar skoðanir um hvort rétt væri á þessu stigi að gera langtímaleigusamning um golfvöll áður en samþykkt reglugerð og verndaráætlun væru komin fyrir þjóðgarðinn. Svæðisráðið ræddi nauðsyn þess að í samningnum komi annars vegar fram að starfsemi golfklúbbsins flytjist úr Ásbyrgi í Ás haustið 2008 og hinsvegar ákvæði um verndaráætlun.

“Svæðisráð samþykkir að senda stjórn Vatnajökulshjóðgarðs erindið og gögnin til umfjöllunar. Svæðisráð leggur til við stjórn að gerður verði 10 ára samningur við golfklúbbinn og bætt verði í viðauka II tveimur greinum, 10 og 11. Í grein 10 komi fram að starfsemi golfklúbbsins flytjist af túnunum í Ásbyrgi á túnin í Ás í lok árs 2008. Í grein 11 komi fram að verndaráætlun fyrir þjóðgarðinn sé í vinnslu og ef sú vinna leiði í ljós þörf á breytingum á samningi skal hann tekinn upp sbr. 6. gr. samningsins.”

2. Landamerki Áss og Skjálftavatn.

Fyrir fundinum lá minnisblað frá SSJ um málið en hún kynnti það enn frekar á fundinum. Svæðisráðið ræddi málið og í hvaða farveg það ætti að fara.

“Svæðisráðið samþykkti að beina erindinu til formanns stjórnar Vatnajökulshjóðgarðs og SSJ falið að senda formanninum erindi”

3. Leigusamningur milli Umhverfisstofnunar og Skógræktar ríkisins um jörðina Ásbyrgi í Kelduneshreppi, íbúðarhús, fjárhús og hlaða.

SSJ dreifði afriti af leigusamningi frá 28. júní 2003 sem enn er í gildi ásamt því að kynna málið í grófum dráttum. Í framhaldi af því spannst upp umræða um landspildu ríkisins á vesturbarmi Ásbyrgis.

Svæðisráð samþykkti eftirfarandi:

“Vatnajökulshjóðgarði þarf að vera gert kleift að eignast land og húseignir sem getið er í samningi frá 28. júní 2003 og tryggt að sú spilda sem um er rætt í viðkomandi samningi verði innan Vatnajökulshjóðgarðs frá upphafi. Eins þarf að tryggja að spilda á vesturbarmi

Ásbyrgis, sem haldið var eftir við sölu ríkisjarðarinnar Meiðavalla til ábúenda, verði innan Vatnajökulshjóðgarðs frá upphafi.”

4. Landvarsla í Herðubreiðarlindum og Dreka.

Svæðisráð ræddi um hvort væntanlegur þjóðgarðsvörður á Skriðuklaustri eða þjóðgarðsvörður í Jökulsárgljúfrum ætti að hafa yfirumsjón með landvörslu á svæðinu sumarið 2008.

Svæðisráð samþykkti eftirfarandi:

“Svæðisráð á svæði 1 fellst á að þjóðgarðsvörður á svæði 2 hafi umsjón með landvörslu í Dreka og Herðubreiðarlindum á árinu 2008. Til þess að svo megi verða þarf viðkomandi þjóðgarðsvörður að hefja störf í síðasta lagi 1. júní. Ef svo verður ekki þá leggur svæðisráð til að þjóðgarðsvörður í Jökulsárgljúfrum hafi umsjón með svæðunum. Á móti verði tryggt að sú viðbótarvinna þjóðgarðsvarðar í Jökulsárgljúfrum komi ekki niður á sumarstarfsemi í Jökulsárgljúfrum ásamt því að hann fái sanngjarna þóknun fyrir aukna vinnu sem af þessu hlýst.”

5. Önnur mál.

Umræðu um verndaráætlun var frestað til næsta fundar en BP sendi fundarmönnum drög að leiðbeiningum um gerð verndaráætlana frá Umhverfisstofnun.

BP sagði stuttlega frá væntanlegri fundarherferð stjórnar og Hollvinasamtaka Vatnajökulshjóðgarðs sem áætlað er að verði seinnipartinn í apríl n.k.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Sigprúður Stella Jóhannsdóttir